

Alþingi
Erindi nr. P 136/1462
komudagur 24.3.2009

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 24. mars 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skyldu lánastofnana í meirihlutaeigu ríkisins til að leita tilboða í innleyst fyrirtæki og/eða rekstrareiningar (194. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem felur í sér að ríkisstjórninni verði falið að hlutast til um að lánastofnunum í meirihluta eigu ríkisins verði skylt að leita tilboða við sölu fyrirtækja.

Viðskiptaráð hefur að undanfögnu lagt ríka áherslu á að ríkisbankarnir fái óskorðað umboð frá stjórnvöldum til að standa að endurskipulagningu fyrirtækja eftir viðurkenndum aðferðum. Það er auðvitað mikilvægt fyrir bankana og þjóðarþúið að verðmæti þeirra eigna sem ríkisbankarnir og gömlu bankarnir hafa forræði yfir sé hámarkað og er leitun eftir tilboðum ein leið til þess. Að mati ráðsins verður hins vegar að varast að leggja í lagasetningu þess efnis.

Aðstæður eru jafnan ólíkar í hverju tilviki fyrir sig og hæsta tilboðið er ekki ávallt hagkvæmasta tilboðið. Vegna þess verða stjórnir og skilanefndir bankanna að hafa ráðrúm til að byggja ákvarðanir sínar á heildarhagsmunum bankanna hverju sinni – þó skulu þær að sjálfsögðu byggja á málefnanlegum rökum og að jafnaði þurfa ríkar ástæður að liggja fyrir svo ekki sé gengið að hæsta tilboði. Skilanefndir gömlu bankanna starfa jafnframt undir vökulum augum kröfuhafa gömlu bankanna sem leggja allt kapp á að verðmæti eigna þeirra verði hámarkað. Allar aðgerðir skilanefnda sem gætu talist ganga á skjön við það verða rýndar af kröfuhöfum bankanna og þeim mótmælt ef efni standa til. Lagasetning í þessa veru er því beinlínis óþörf.

Til að efla trúverðugleika nýju bankanna er einnig mikilvægt að skýr skil séu á milli hlutverks hins opinbera sem eiganda og öðrum hlutverkum þess sem gætu haft áhrif á umhverfi bankanna, t.a.m. hlutverk þess sem valdhafa til reglusetningar sbr. leiðbeiningar OECD og leiðbeiningar Viðskiptaráðs, SA og OMX um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja. Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið hafa þegar beint ýmsum tilmælum til nýju ríkisbankanna og rétt væri að einkorða „afskipti“ hins opinbera af ríkisbönkunum við þau tilmæli.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs